

KFG

Til : Kári Jónsson
Frá : Lárus Guðmundsson <larus@marg.is>
Heiti : KFG
Málsnúmer : 2001317
Málsaðili : Íþróttafulltrúi Garðabæjar
Skráð dags : 21.01.2020 09:24:10
Höfundur : Lárus Guðmundsson <larus@marg.is>

Sæll Kári.

Leita til ykkar varðandi rekstrarstyrks/samnings leiktímabilið 2020.

KFG leikur í 3 deild, eftir að hafa fallið ú 2 deildinni leiktímabilið 2019. Það leiktímabil reyndist afar þungbært í rekstri. Þar vegur ferðakostnaður þyngst, enda sannkölluð landsbyggðardeild.

Fyrir síðustu leiktíð, var áætlað að ferðast með rútu í alla leiki. En síðar kom í ljós að það var engan veginn framkvæmanlegt. Þurftum við því að fljúga á Ísafjörð og Egilsstaði vegna leiks á Eskifirði.

Svo brást lofað framlag frá aðalstyrktaraðila, átti að vera 1 m en viðskomandi greiddi 750.000 Kostnaður vegna rekstrar reyndist þar með verulegur umfram tekjur. Þegar tímabilinu lauk var rekstrartap um 500.000 Ég mun bera það tjón að hluta sjálfur en eftir stendur skuld við KSÍ sem er um 300.000 Jafnframt hefur KSÍ lagt á 100.000 þáttökugjald fyrir leiktímabilið 2020 sem ekki hefur verið gert áður.

Óska ég eftir því, að fyrir utan okkar 900.000 kr. samningsbundna styrk, að við fáum að halda 300.000 aukastyrknum tímabilið 2020 þar með væri styrktarupphæð KFG leiktímabilið 2020 1.200.000

Þess má geta að rekstrarkostnaður KFG er áætlaður um 3.000.000 á ári. Þannig að við þurfum að finna þann mismun með styrkjum og fjáröflunum, sem er þrautinni þyngri.

KFG er að hefja sitt 13 leiktímabil, sem undirstrikar mikilvægi þess, að hafa annan vettvang fyrir unga leikmenn sem komast ekki að í Stjórnunni. Á síðasta leiktímabili hlutu 6 leikmenn úr 2 flokki Stjórnunnar mikilvæga reynslu í meistaraflokks keppni með KFG.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Bkv.
Lárus Guðmundsson
sími-527-0101
gsm- 897 5306
larus@marg.is
www.marg.is